

Vinnuvernd er allra hagur
**Vinnuvernd –
allir vinna**



www.healthy-workplaces.eu

Leiðbeiningar fyrir herferðina

Forysta stjórnenda og starfsmannapátttaka við vinnuvernd



Vinnuverndarstofnun
Evrópusambandsins



Vinnuvernd er allra hagur

Innihald

Inngangur	4
Umfang vandans	5
Af hverju er þessi herferð á vegum ESB	7
Vinnuvernd – allir vinna	9
Hvað þýða forvarnir í raun?	10
Hlutverk stjórnenda	12
Hvað þýðir forysta í raun?	13
Af hverju er starfsmannapátttaka svo mikilvæg	15
Hvatning til starfsmannapátttöku	15
Hvað felur pátttaka starfsfólks í sér í reynd?	17
Herferðin um Heilbrigða vinnustaði	19
Hvernig virkar herferðin	19
Hver má taka þátt?	19
Hvernig getur þú tekið þátt?	20
Núverandi samstarfsaðilanet okkar	21
Skuldbinding okkar við fyrri herferðir og árangur af þeim	22
Úrræði	24
Upplýsingar um tengiliði	26

Inngangur

Vinnuvernd er góð fyrir viðskiptin, fyrir starfsfólkið og samfélagið í heild. Auðvelt er að missa sjónar á þessum staðreyndum þegar allir eru að vinna undir mikilli tímapressu og framleiðslumarkmiðum. Á slíkum stundum er mikilvægara en áður að líta ekki á vinnuvernd sem skrifræðisbyrði heldur vera meðvitaður um áhættur á vinnustaðnum.

Þessi bæklingur er meginhandbók **herferðarinnar Heilbrigðir vinnustaðir 2012-13 Vinnum saman að áhættu og forvörnum sem Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) skipuleggur**. Herferðin er hönnuð til að aðstoða þig, fyrirtæki þitt, starfsfólk, fulltrúa starfsfólks og alla starfsmanna keðjuna við að leggja mat á og draga úr áhættum á vinnustað. Þrátt fyrir að stjórnendur og fyrirtækin, sem þeir reka, séu að meginstefnu til ábyrgir fyrir vinnuverndarmálum, að þá næst alltaf bestur árangur ef allir hagsmunaaðilar vinna saman.

Á hverju ári týna yfir 5 500 manns lífinu í ESB löndum af völdum vinnuslysa samkvæmt Eurostat¹. Þar fyrir utan áætla Alþjóðavinnuáráðastofnunin að 159 000 manns deyi² að auki af völdum vinnusjúkdóma. Bjarga mætti stórum hluta þessara mannlífa ef gert yrði ráð fyrir áhættum og skynsamlegum öryggisráðstöfunum komið upp og þeim fylgt af festu. Oft er sagt að **forvarnir séu betri en lækning** og á það betur við núna en áður þegar kemur að eflingu vinnuverndar. Af þessum sökum beinir herferðin um Heilbrigða vinnustaði sjónum sínum að áhættumati og forvörnum framar öðru.

Herferðin um Heilbrigða vinnustaði 2012-13 er ekki miðstýrð en hún er hönnuð til að aðstoða stjórnvöld á hverjum stað, fyrirtæki, samtök, stjórnendur, starfsfólk og fulltrúa þeirra og aðra hagsmunaaðila við að vinna saman að því að gera umbætur í vinnuvernd.

Herferðin beinir kastljósinu að:

- áhættum og forvörnum;
- áhættustjórnun;
- því að hvetja stjórnendur til að beita sér með virkum hætti fyrir því að draga úr áhættum;
- því að hvetja starfsfólk, fulltrúa þeirra og aðra hagsmunaaðila til að vinna saman með stjórnendum við að draga úr áhættum.

Forvarnir eru betri en lækning.



Stór hluti herferðarinnar er ýmiss konar efni sem stuðlar enn frekar að þessum markmiðum. Þar á meðal skýrslur, hagnýtar leiðbeiningar, flugrit, veggspjöld og DVD diskar. Að auki tókum við höndum saman með samstarfsaðilum okkar og tengiliðum innanlands við að kynna Evrópuviku um vinnuvernd ásamt því að aðstoða við skipulagningu á þjálfunarviðburðum, ráðstefnum og sýningum. EU-OSHA bjó einnig til gagnvirka vefsíðu sem býður upp á mikið magn hagnýtra upplýsinga og leiðbeininga.

Þessar leiðbeiningar fyrir herferðina innihalda mikið af tölulegum upplýsingum, sem varpa ljósi á vandamálin sem takast þarf á við, og að hverju sé best að beina kröftunum. Hins vegar ætti einnig að hafa í huga að of oft býr mannlegur harmleikur á bak við slíka tölfræði.

Umfang vandans

Á hverri 3.5 mínútum deyr einstaklingur í Evrópusambandinu af völdum vinnuslyss eða starfstengds sjúkdóms. Árið 2007, síðasta árið sem tölfræðiupplýsingar til samanburðar frá 27 löndum Evrópusambandsins liggja fyrir, urðu 6.9 milljón manns fyrir einu eða fleiri slysum á vinnustað³. Þess utan eru milljónir starfsfólks í Evrópu heilsutæpir sökum vinnu sinnar.

Slys hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, atvinnurekendur og samfélagið í heild. Samkvæmt Vinnumarkaðskönnuninni 2007⁴ leiddu 73% slysa til veikindaleyfis í 1 dag eða fleiri og 22% leiddu til veikindaleyfis í mánuð eða meira. Slíkt veikindahlutfall og heilsufarsvandamál, sem tengjast vinnu, hafa bein áhrif á hagvöxt og atvinnu um alla Evrópu. Staðreyndin er sú að í hið minnsta 450 milljónir vinnudagar tapast á hverju ári⁵. Áætlanir eru breytilegar en slík slys og lélegt heilsufar kostar hagkerfi ESB að minnsta kosti 490 milljarða evra á hverju ári⁶.

Rannsóknir segja okkur að koma má í veg fyrir mikinn meirihluta slysa og lélegs heilsufars á vinnustað. Sem betur fer hefur mikið áunnist í þessum málaflokki. Á árunum 1999 og 2007 bætti Evrópusambandið vinnuvernd til muna og fækkaði dauðaslysum úr 5 275 í 3 782⁷ í ESB-15 löndunum. Vinnustaðaöryggi jókst jafnvel hraðar þegar kom að slysum, sem ekki leiddu til dauða, en þeim fækkaði um meira en 900 000⁸.

Þrátt fyrir þessar góðu fréttir er greinileg aukning í vinnutengdum sjúkdómum en þeir liggja oft í leyni um langan tíma.

1,3,4 & 7 Vinnuvernd í Evrópu (1999-2007) – tölfræðileg mynd; Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2019, bls. 97.

2 Alþjóðavinnuálfingunin 2005. Talan er mat fyrir 27 lönd Evrópusambandsins (<http://www.ilo.org/public/english/region/europro/moscow/areas/safety/docs/worldcongressreporteng.pdf>)

5 83 milljónum vinnudaga sem töpuðust vegna slysa er bætt við 367 milljónir tapaðra daga vegna heilsufarsvandamála, Vinnuvernd í Evrópu (1999-2007) – tölfræðileg mynd, Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2010, bls. 97.

6 Gert er ráð fyrir 4% lækkun á vergri landsframleiðslu vegna lélegra vinnuskilyrða (<http://osha.europa.eu/en/press/articles/Present-new-and-emerging-risks-IOHA>).

8 Eurostat: Vinnuslys (ESAW) – til dróms 2007 (http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=hsaw_aw_nnax&lang=en)

Raundæmi

Ólympíuleikarnir, Bretland – Forysta í öryggi og heilbrigði

Undirbúningsnefnd Ólympíuleikanna (e. Olympic Delivery Authority, ODA) ber ábyrgð á gerð Ólympíuleikvangsins og tengdra staða fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum 2012 og Ólympíuleika fatlaðra. Ólympíuleikvangurinn var byggður á mjög menguðu 200 hektara svæði í austur Lundúnum. Um 40 000 manns unnu við leikvanginn og á háannatíma voru yfir 13 000 manns á byggingarstaðnum. Þetta var mjög stórt verkefni, sem hefði getað haft óásættanlegan fjölda dauðsfalla og alvarlegra slysa í för með sér, ef ekki hefði verið haldið rétt á málum.

Á yfir 70 milljón vinnustundum voru 25 tímabil með milljón vinnustundir án slysa, fjögur tímabil með tvær milljónir vinnustundir og eitt með þrjár milljónir vinnustunda.

ODA skýrir þetta öfundsverða met með mjög styrkri forystu sem einbeitti sér að því að koma í veg fyrir öll slys af völdum verkefnisins. Nefndin sagði að skuldbinding þeirra við starfsfólkið væri að:

- hafa stjórn heilbrigðis- og öryggishættum;
- bjóða upp á örugga vinnustaði og kerfi við vinnuna;
- veita upplýsingar, leiðbeiningar, þjálfun og verkstjórn og
- ræða af eldmóði við starfsfólk, samstarfsaðila og birgja um þessar ráðstafanir.

Það voru skýrar samskiptalínur um alla stjórnendakeðjuna. Að auki gáfu framkvæmdastjórinn og stjórnarformaður verkefnisins sameiginlega út að þeir myndu gefa skýrslu um frammistöðuna í heilbrigðis- öryggis- og umhverfismálum til stjórnar Ólympíu nefndarinnar með reglulegu millibili og einnig ef komi upp tilkynningarskyld atvik.

Að auki endurskoðaði öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisnefnd stjórnarinnar reglulega frammistöðuna og stjórnunina á byggingaráætluninni og samþykkti að endurskoða starfshættina *svo oft sem þurfa þykir*. Slíkar breytingar voru tilkynntar öllu starfsfólki og birgum til að hámarka öryggi og heilbrigði allra þeirra sem voru viðriðnir framkvæmd leikanna.

Öryggisskýrsla áætlunarinnar lagaðist smám saman vegna frumkvæðis og þátttöku starfsmannanna.



Af hverju er þessi herferð á vegum ESB

Efling öryggis- og heilbrigðis hefur ávallt verið eitt af meginatriðunum á bak við Evrópusamrunann af margvíslegum siðferðilegum félagslegum og hagfræðilegum ástæðum. Í fyrsta lagi er það augljóslega siðferðislega rétt að efling öryggis- og heilbrigðis ætti að vera stór þáttur hjá öllum stjórnvöldum. Í öðru lagi er ein af stoðum innri markaðar Evrópu samræmdir staðlar, þar á meðal þeir sem eiga við vöru- og framleiðsluöryggi. Slíkir samræmdir staðlar aðstoða við að tryggja að fyrirtæki geti starfað með eðlilegum hætti um allt Evrópusambandið. Í þriðja lagi bætir efling öryggis- og heilbrigðismála ekki einungis starfsmannavernd heldur leggur hún sitt af mörkunum til rekstrarskilvirkinnar.

Núverandi áætlun Evrópusambandsins hefur einnig skírskotun til meginreglna við forvarnir, sem lýst er nánar í tilskipun ráðsins 89/391/EES frá 12. júní 1989, *rammatilskipunin*. 6. grein tilskipunarinnar segir að það sé á ábyrgð atvinnurekandans að öryggis- og heilbrigðisráðstafanir uppfylli þessar meginreglur um forvarnir. Án efa krefst þetta skýrrar forystu að hálfu yfirstjórnenda. Tilskipunin leggur einnig áherslu á mikilvægi starfsmannabátttöku við framkvæmd slíkra ráðstafana, sem nýlega var einnig viðurkennd sem grundvallarréttindi í 27. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.

Augljóslega er ekki einungis hagnýt þörf fyrir inngripi Bandalagsins heldur lagaleg krafa að auki.

„Ef þú getur staðið rétt að forystunni má ná stórkostlegum árangri í öryggismálum.“ LAWRENCE WATERMAN,

YFIRMAÐUR ÖRYGGISMÁLA HJÁ ÓLYMPÍUNEFNDINNI





Ávinningur af góðu öryggi og heilbrigði

Að takast á við heilbrigðis- og öryggismál veitir tækifæri til að bæta rekstrarskilvikni ásamt því að tryggja heilsu starfsmanna. Þetta hefur verið greint í nýlegri Evrópukönnun fyrirtækja um nýjar og komandi hættur (ESNER)⁹.

Ávinningurinn getur falið í sér:

- lækkaðan kostnað og færri hættur – fjarvera starfsmanna og starfsmannavelta er minni, slysum fækkar, hættan á lögfræðilegum aðgerðum er minni;
- betri stöðu meðal birgja og samstarfsaðila;
- betra orðspor sökum samfélagslegrar ábyrgðar meðal fjárfesta, viðskiptavina og samfélaga;
- aukna framleiðslu—starfsmenn eru heilbrigðari, ánægðari og áhugasamari.

⁹ EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu, fyrirsvar starfsmanna og ráðgjöf um heilbrigðis- og öryggismál – greining niðurstaðna Evrópukönnunar fyrirtækja um nýjar og komandi hættur, 2012.

Vinnuvernd – allir vinna

Forvarnir eru hornsteinninn í nálgun Evrópu við hættustjórnun. Í raun þýðir þetta að greina vinnuferla til að koma auga á skemmri og lengri tíma hættur og grípa þá til aðgerða, annaðhvort til að útrýma þeim eða draga úr þeim. Á einföldu máli fjalla forvarnir um að hafa stjórn á vinnutengdum hættum með lokatakmarkið að draga úr og koma í veg fyrir vinnuslys og vinnutengda sjúkdóma.

Endanleg ábyrgð á stjórn starfstengdrar áhættu er hjá atvinnurekendum og yfirstjórnendum, en viðleitni þeirra er dæmd til að mistakast ef starfsmenn eru ekki hafðir með í ráðum. Af þessum sökum leggur þessi herferð sérstaka áherslu á mikilvægi forystu yfirstjórnenda og eigenda og að samvinna virka þátttöku starfsmanna í allri þessari vinnu.

Til þess að koma þessum kjarnastefjum á framfæri eru eftirfarandi stefnumarkandi markmið hluti af herferðinni Heilbrigðir vinnustaðir 2012-13:

- að efla boðskap um að starfsmenn og stjórnendur þurfi að vinna saman til að koma í veg fyrir hættur af hagnýtum, lagalegum, hagfræðilegum og siðferðilegum ástæðum;
- að veita atvinnurekendum skýrar og einfaldar leiðbeiningar um hvernig eigi að hafa stjórn á tilteknum starfstengdum áhættum í samstarfi við starfsmenn og fulltrúa þeirra;
- að veita hagnýtar leiðbeiningar, upplýsingar og töl til að efla menningu um áhættuforvarnir, sérstaklega innan smárra og meðalstórra fyrirtækja;
- að stuðla að því að vinnuvernd sé hluti af stefnu fyrirtækisins um samfélagslega ábyrgð.
- að leggja grunninn að sjálfbærari menningu um áhættuforvarnir í Evrópu.

„Hver svo sem stærð fyrirtækisins er, hefur forysta að ofan og virk þátttaka starfsmanna úrslitaáhrif á árangursríka stjórnun í heilbrigðis- og öryggismálum. Þess vegna hvet ég smá og stór fyrirtæki, opinber eða einkafyrirtæki, úr öllum geirum til að taka þessari herferð opnum örmum.“

CHRISTA SEDLATSCHKE, FRAMKVÆMDASTJÓRI

EU-OSHA





Hvað þýða forvarnir í raun?

Almennu meginreglunni um forvarnir er lýst í grein 6 í rammatilskipuninni (sjá að neðan). Það er mikilvægt að vinnuveitendur, starfsmenn og fulltrúar þeirra skilji þessar meginreglur ef þeim á að takast að hafa stjórn á – og helst koma í veg fyrir – hættur.

Grunnreglur áhættuforvarna eru:

- forðast hættur;
- leggja mat á hættur sem ekki má koma í veg fyrir;
- takast á við þær við upptök þeirra;
- laga vinnuna að einstaklingnum, sérstaklega þegar kemur að hönnun vinnustaða og vali á búnaði og framleiðsluaðferðum (ásamt því að draga eins og hægt er úr einhæfum vinnubrögðum);
- aðlaga sig að tækninni;
- skipta út hættulegum hlutum fyrir hættuminni hluti;
- próa heildstæða forvarnarstefnu sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og áhrif þátta sem tengjast vinnuumhverfinu;
- forgangsraða sameiginlegum verndarráðstöfunum fram yfir einstaklingsbundnar verndarráðstafanir.
- veita starfsmönnum viðeigandi leiðbeiningar.

Forvarnir snúast um að hafa stjórn á hættum. Fólk, sem vinnur saman, hefur stjórn á hættum.



RAUNDÆMI

BASF – setur öryggi í fyrsta sæti

Það er einfaldlega ómögulegt að komast algjörlega hjá hættum í mörgum geirum og þar er efnaiðnaðurinn gott dæmi. Starfsmenn BASF, eitt af stærsta efnafyrirtæki heimsins, búa við fjölmargar hættur á hverjum degi. Í stað þess að takast á við hverja hættu á sjálfstæðan hátt ákvað fyrirtækið að grípa til heildrænnar nálgunar með því að breyta fyrirtækjameningunni og setja öryggið í fyrsta sætið.

Kjarninn í þessari áætlun var herferð um að draga úr tímanum, sem tapast vegna slysa og vinnutengdra sjúkdóma, um 80% frá 2002 til 2020. Árið 2008 var þetta farið að bera ávöxt en tími, sem tapaðist vegna meiðsla hafði minnkað um 46% og dregið hafði úr tíma sem tapaðist vegna vinnutengdra sjúkdóma um 23%.

Fyrirtækið skýrir þessar niðurstöður með innleiðingu stefnunnar sem gerð er grein fyrir að neðan.

- Stjórnendur sýna trúverðuglega og sýnilega skuldbindingu við öryggismál með því að sýna gott fordæmi, gera öryggi að forgangsmáli og tryggja skýrleika í öllum þáttum snúa að öryggismálum.
- Starfsmenn eru hafðir með í ráðum í öllu sem tengist öryggi og miðla af þekkingu sinni og reynslu.
- Fyrirtækið leggur áherslu á ábyrgð einstaklingsins. Gert er ráð fyrir því að hver starfsmaður og stjórnandi fylgi öllum reglum, sem eru í gildi, aðhafist á öryggismeðvitaðan hátt, bregðist við hættum og læri af eigin mistökum og mistökum annarra.
- Stjórnendur og starfsmenn eru hvattir til þess að ræða opinskátt um öryggismál þar sem andrúmsloft trausts ríkir um allt fyrirtækið. Á sama tíma reynir það að efla menntun á meðan borin er virðing fyrir þekkingu og reynslu.





Hlutverk stjórnenda

Heilbrigðis- og öryggismál ættu að vera hluti af daglegum rekstri fyrirtækisins. Ef ekki er höfð stjórn á heilbrigðis- og öryggismálum, er ekki stjórn á fyrirtækinu. Allt frá toppi fyrirtækisins og niður stjórnendakeðjuna, ætti umsjón með heilbrigðis- og öryggismálum að vera óaðskiljanlegur hluti af menningunni á vinnustaðnum, ekki eitthvað sem ætti að láta sérfræðingum eftir.

Samráð við starfsmenn og fulltrúa þeirra um öryggis- og heilbrigðismál ætti að vera leiðbeinandi meginregla í skilvirkri stjórnun. En stjórnendur ættu ekki einungis að hafa samráð við starfsmenn sína, þeir ættu með virkum hætti að hafa þá með í ráðum og hvetja þá til að taka raunverulega þátt í ákvörðunartökunni. Samráð er ekki einungis krafa í lögum, það getur líka haft efnahagslegt gildi. Starfsfólk er líklegt til að þekkja þær meginhættur sem blasa við þeim á hverjum degi og getur oft komið með einfaldar og hagkvæmar lausnir.

Heilbrigðis- og öryggismál ættu að vera hluti af daglegum rekstri fyrirtækisins. Þau ættu að vera kraftmikið kerfi, sem lagar sig að aðstæðum, og þróast með tímanum í stað þess að vera stíf skrifræðisæfing sem leggst gegn breytingum.

Það er mikilvægt fyrir stjórnendur að sýna forystu, til dæmis með því að fylgja öllum öryggis- og heilbrigðisreglum í stað þess einungis að skipa undirmönnum sínum að gera svo.

Það eru einnig gögn sem benda til þess að góðir stjórnendur í vinnuverndarmálum hafi lægri tíðni fjarvista vegna þess að hegðun forystumanna tengist veikindaleyfum og vellíðan starfsmanna¹⁰. Sýnt hefur verið fram á að fjöldi starfsmanna, sem veikist, veltur á stjórnandanum. Þegar stjórnendur eru fluttir yfir í aðra deild þá breytist ekki meðaltal veikindadaga starfsfólksins, sem stjórnandinn ber ábyrgð á, þrátt fyrir að starfsfólkið hafi breyst.

Hvað þýðir forysta í raun?

Hún þýðir:

- sýnileg, virk skuldbinding stjórnar og framkvæmdastjóra/eigenda;
- að koma á fót skilvirku samskiptakerfi *niður á við* og stjórnunaruppbyggingu – eða láréttum samskiptamáta í smáum fyrirtækjum.
- að hafa starfsfólk og fulltrúa þeirra með í ráðum við eflingu á öruggum og heilbrigðum vinnuaðstæðum með því til dæmis að hvetja til skilvirkra samskipta *upp á við* og bjóða upp á hágæða þjálfun;
- að stjórn öryggis- og heilbrigðismála byggi á áhættumati;

- að samþætta góða öryggis- og heilbrigðisstjórnun við alla hluta rekstrarins;
- að trygging öryggis og heilbrigðis er grunnurinn í stefnumörkun fyrirtækisins er varðar samfélagslega ábyrgð (ásamt megingildum þess);
- að kynna þessar hugmyndir um alla virðiskeðjuna;
- að hafa eftirlit með, gefa skýrslu um og endurskoða árangur í öryggis- og heilbrigðismálum.

Hagnýt dæmi um forystu í vinnuverndarmálum fela í sér:

- stjórna með fordæmum (og fylgja menningu og bókstafi öryggis- og heilbrigðisreglna);
- taka persónulega ábyrgð og láta sig mál varða;
- heimsækja vinnustöðvar til þess að ræða við starfsfólk um öryggis- og heilbrigðismál (starfsmenn benda hugsanlega ekki einungis á vandamál heldur einnig lausnir);
- hafa til reiðu fjármagn og tíma með því til dæmis að úthluta fjármagni til þjálfunar, búnaðar eða vinnuverndarsérfræðinga og taka frá tíma stjórnenda fyrir þá.

„Við leggjum áherslu á ábyrgð einstaklingsins er varðar öryggismál hjá öllum starfsmönnum og á öllum stigum yfirstjórnarinnar.“

SHLOMO COHEN, STAÐARSTJÓRNANDI,

INTEL AMSTERDAM



RAUNDÆMI

Minnkun áhættu í litlu austurrísku fyrirtæki

Marchl er lítið fjölskyldufyrirtæki í Austurríki, sem sérhæfir sig í framleiðslu á stálvörum, eins og bílskylum, stigum, grindverkum og gróðurhúsum.

Öryggi á vinnustaðnum er mikilvægt málefni hjá stjórnendum fyrirtækisins. Kerfi fyrir öryggis- og heilbrigðisstjórnun var sett upp en smærri slys svo sem skurðir, brunasár og meiðsli af völdum þess að fólk klemmist héldu áfram að eiga sér stað og voru ekki tekin alvarlega. Stjórnendurnir ákváðu að vinna saman með starfsmönnum í því skyni að draga úr áhættunum.

Starfsmenn á hverju *áhættusvæði* í fyrirtækinu voru beðnir um að leggja mat á hættur og koma með tillögur að endurbótum. Þegar endurbætur höfðu átt sér stað voru starfsmennirnir beðnir um að leggja mat á þær. Eftir tvo mánuði voru hópar starfsmanna sendir á *hættusvæði* hvors annars og beðnir um að framkvæma sama mat. Þetta þýddi að endurbæturnar voru endurskoðaðar af *nýjum augum* annars hóps og einnig að sérhver starfsmaður kynntist hættunum sem leyndust á mismunandi vinnusvæðum og fengu innsýn inn í hvernig best sé að standa að öryggisumbótum.

Þetta verkefni var árangursríkt í því að draga úr litlum slysum, fækkaði veikindadögum, jók áhuga starfsmanna og framleiðni og jók vitund manna um málefni sem tengjast öryggi og heilbrigði.

Af hverju er starfsmannabátttaka svo mikilvæg

Ábyrgðin á því að hafa stjórn á áhættum á vinnustað er í höndum vinnuveitenda en öll slík viðleitni er dæmd til að mistakast án virkrar þátttöku starfsmanna. Gnótt gagna sýna fram á að virk þátttaka leiðir til mjög bættis öryggis- og heilbrigðis á vinnustaðnum.

Til dæmis sýnir Evrópukönnun fyrirtækja um nýjar og komandi hættur (ESENER) að þátttaka starfsmanna ásamt skuldbindingu stjórnenda leiðir til mun betri árangurs í vinnuvernd. Fyrirtæki með mikla starfsmannabátttöku ásamt skuldbindingu stjórnenda eru til að mynda 10 sinnum líklegri til að hafa skjalfesta vinnuverndarstefnu¹¹. Þetta hefur aukinn ávinning í för með sér að þessar ráðstafanir eru álitnar árangursríkar.

Skýrsla frá viðskipta- og iðnaðardeild Bretlands frá árinu 2007¹² áætlaði að öryggisfulltrúar starfsmanna koma í veg fyrir á milli 8.000 og 13.000 vinnuslys á hverju ári um landið allt. Nýleg rannsókn Evrópubandalags verkalyðsfélaga (ETUC)¹³ sýndi fram á að viðvera verkalyðsfélags leiðir til þess að reglur eru betur virtar, færri slys verða og færri heilbrigðisvandamál tengd vinnustaðnum koma upp. Af þessum ástæðum og öðrum er þátttaka starfsmanna í vinnuverndarákvörðunum hluti af Evrópulöggjöf.



Hvatning til starfsmannabátttöku

Það er skylda atvinnurekenda að hafa starfsfólk og fulltrúa þeirra með í ráðum í málum er varða heilbrigði og öryggi en það er árangursríkara að hvetja þá til að taka þátt með virkum hætti í daglegum vinnuverndarmálum. Stjórnendur þurfa að skapa umhverfi þar sem þeim er treyst og fólk hefur sjálfsöryggi til að koma ábendingum á framfæri og leggja sitt af mörkunum við að búa til öruggari ferla og vinnustaði. Ekki ætti að líta á þetta sem hluta af skrifræðinu eða óþarfa byrði heldur sem gott tækifæri til að bæta ekki einungis öryggismál heldur framleiðsluna líka. Rannsóknir sýna að þekking starfsmanna er gríðarleg auðlind fyrir stjórnendur við þróun öruggra, skilvirkra og sjálfbærra vinnustaða¹⁴.

11 EU-OSHA – Vinnuverndarstofnun Evrópu, fyrirsvar starfsmanna og ráðgjöf um heilbrigðis- og öryggismál – greining niðurstaðna Evrópukönnunar fyrirtækja um nýjar og komandi hættur, 2012.

12 The health and safety á Stóra-Bretlandi: vertu hluti af lausninni, framkvæmdastjóri Health and Safety, júní 2009.

13 Menéndez, M, Menach, J., Vogel, L. (2009) The impact of safety representatives on occupational health: A European perspective. Brussel: ETUI.

14 Pot, F.D. & Koningsveld, E.A.P., „Quality of working life and organizational performance – two sides of the same coin?“ *Scandinavian Journal of Work, Environment and Health*, 2009, tölublað 25, nr. 6, bls. 421-428.



Ávinningur af starfsmannapátttöku felur meðal annars í sér:

- lægri slysatíðni;
- hagkvæmar lausnir;
- ánægðara og afkastameira starfsfólk;
- lægri tíðni fjarveru;
- aukin vitund um hættur á vinnustað;
- betri stjórn á hættum á vinnustað.

Hvað felur þátttaka starfsfólks í sér í reynd?

Í raun er það þegar starfsmenn og stjórnendur taka virkan þátt í því að skilgreina vandamál og finna lausnir. Þetta þýðir í raun:

- skilvirkt og opið samtal sem felur í sér að hlusta raunverulega á áhyggjur hvers annars.
- sameiginleg lausn vandamála og ákvörðunartaka;
- þátttaka í þróun stefnu um öryggis- og heilbrigðismál og framkvæmd hennar;
- þátttaka starfsmanna í að efla og uppfylla vinnuverndarskilyrði.
- að starfsfólk vinni að öllu leyti saman með vinnuveitendum við að bæta vinnuvernd og vellíðan á vinnustað;
- gera ráðstafanir svo þetta gerist í raun.

RAUNDÆMI

Sameiginlegt frumkvæði starfsmanna og stjórnenda

Stórt sælgætisfyrirtæki (Nestlé, York, Bretlandi) með 2000 starfsmenn átti við verulegt vandamál að stríða varðandi það að fólk var að renna til að detta (fall á jafnsléttu). Til þess að reyna að draga úr slysunum hratt fyrirtækið af stokkunum sameiginlegu verkefni með fullri þátttöku fulltrúa starfsmanna. Það fól meðal annars í sér sérstakan feril við að láta vita um slys er stöfuðu af því að fólk var að renna til og detta og greiningu á ástæðum þessara meiðsla. Þegar komist var að rót vandans var kallaður saman fundur með stjórnendum, yfirmönnum og fulltrúum starfsmanna til þess að miðla niðurstöðunum til allra starfsmanna með skilvirkri upplýsingaherferð sem fól meðal annars í sér útgáfu á efni eins og veggspjöldum, bæklingum o.s.frv.

Að þremur árum liðnum hafði herferðin leitt til 60% fækkunar slysa af völdum þess að fólk var að renna til og detta. Eftir 18 mánuði í viðbót var svipuð herferð sett í gang til þess að reyna að draga úr meiðslum af völdum álags vegna vinnu þar sem notað er handafl við að meðhöndla byrðar (lyfta, bera, ýta og draga). Hún hafði í för með sér 40% fækkun slíkra slysa innan tveggja ára.





Lykildagsetningar

- Upphaf herferðarinnar: 18. apríl 2012
- Evrópuvika um vinnustaðavernd í október 2012 og 2013
- Verðlaunaathöfn fyrir góða starfshætti Apríl 2013
- Leiðtogafundur Heilbrigðra vinnustaða: Nóvember 2013

Herferðin um Heilbrigða vinnustaði

Hvernig virkar herferðin

Við hjálpum við að búa til örugga og heilbrigða vinnustaði í þágu allra, en við getum ekki gert þetta upp á okkar einsdæmi. Af þessari ástæðu reiðir herferðin um Heilbrigða vinnustaði 2012-13 *Vinnuvernd – allir vinna sig* á fjölmarga samstarfsaðila og hagsmunaaðila, þar með talið stjórnvöld og stofnanir þeirra, atvinnurekendur, verkafólk og stór og smá fyrirtæki. Ef okkur á að takast að bæta öryggi og heilbrigði þurfa allir hagsmunaaðilar að taka þátt í herferðinni og kynna meginboðskap hennar.

Við getum veitt öll þau ráð, upplýsingar og kynningarefni sem þörf er á til að taka þátt í þessari samevrópsku herferð (sjá að neðan *Hvernig getur þú tekið þátt*). Þú getur svo sérsniðið þetta efni að eigin þörfum og tekið höndum saman með þeim samtökum sem henta þér best til að hámarka áhrif herferðarinnar.



Hver má taka þátt?

Herferðin er opin öllum samtökum og einstaklingum á staðbundnum, innlendum og evrópskum vettvangi, þar á meðal:

- atvinnurekendur í opinbera og einkageiranum, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki;
- stjórnendur, yfirmenn og annað starfsfólk;
- verkalýðsfélög, stéttarfélag og trúnaðarmenn (öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir);
- samtök atvinnurekenda;
- sérhæfð félög;
- öryggis- og heilbrigðisstofnanir;
- sérfræðingar á sviði vinnuverndar;
- þjálfunaraðilar og menntasamfélagið;
- svæðisbundin og staðbundin forvarnarfélög og tryggingaþjónustur.



Hvernig getur þú tekið þátt?

Þú getur tekið þátt í herferðinni um Heilbrigða vinnustaði 2012 – 13 með því að:

- Auglýsa og miðla upplýsingum um herferðina og efni (bæklingum, skýrslum, handbókum, staðreyndablöðum, tékklistum, PowerPoint kynningum og teiknimyndum með teiknimyndapersónunni Napo, o.s.frv.). Þetta eykur vitund fólks um vinnuvernd, bæði innan fyrirtækisins þíns og þeirra sem þú starfar með. Frekari upplýsingar er að finna á hluta heimasíðu herferðarinnar um úrræði fyrir herferðina (www.healthy-workplaces.eu).
- Skipuleggja eigin starfsemi, þar með talið vitundarþjálfun um vinnuvernd, ráðstefnur, smiðjur, samkeppnir og spurningakeppnir, áform um tillögur, auglýsingaherferðir og blaðamannafundi.
- Að færa þér Net-tólin í nyt sem finna má á heimasíðu herferðarinnar. Þau veita rými til að miðla þekkingu og góðum starfsháttum milli EU-OSHA og samstarfsaðila okkar.
- Taktu þátt í verðlaunasamkeppninni um Heilbrigða vinnustaði og góða starfshætti, en hún veitir viðurkenningu til samtaka af ýmsum stærðum sem hafa fundið nýjar leiðir til að stuðla að vinnuvernd.
- Taka þátt í Evrópuvikunni um vinnuvernd sem haldin er í október á hverju ári (almanaksvika 43). Hún er vettvangur fyrir viðburði um alla Evrópu, þar á meðal ráðstefnur og sýningar, þjálfunarviðburði og starfsemi þar sem bæði smá- og lítil samtök og fyrirtæki vinna saman. Mörg staðbundin og svæðisbundin frumkvæði af hálfu verkálðsfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka og stjórnkerfisins spila einnig mikilvægt hlutverk.

Þú getur einnig fengið opinbera viðurkenningu fyrir stuðning þinn við herferðina um Heilbrigða vinnustaði með því að:

- gerast opinber samstarfsaðili ESB herferðarinnar, ef þú ert talsmaður fyrir samevrópsk eða alþjóðleg samtök eða fyrirtæki;
- gerast samstarfsaðili herferðarinnar á landsvísi, ef þú ert einstaklingur eða samtök sem starfa á landsvísi. Hafðu samband við tengilið innanlands (Vinnueftirlitið) til þess að fá frekari upplýsingar um hvort þessi eða önnur hugsanleg viðurkenning sé í boði í þínu landi.

Það felur í sér tiltekna skyldur að verða opinber samstarfsaðili en það hefur einnig í för með sér mikinn ávinning. Þú getur fengið frekari upplýsingar um tilboðið til samstarfs á heimasíðu herferðarinnar á svæði sem er tileinkað samstarfinu.

Núverandi samstarfsaðilanet okkar

Árangursríkt samstarf við stærstu hagsmunaaðilana hefur úrslitaáhrif á árangur herferðarinnar. Við hjá EU-OSHA getum reitt okkur á stuðning fjölmargra samstarfsaðila, meðal annars þeirra sem taldir eru upp að neðan.

- **Tengiliðir innanlands:** Herferðin um Heilbrigða vinnustaði er skipulögð og samræmd innanlands af tengiliðum stofnunarinnar. Ef þú vilt fræðast frekar um tengiliðina okkar eða komast í beint samband við þá, þá eru upplýsingar þess efnis að finna í lok þessa bæklinga.
- **Opinberir ESB samstarfsaðilar að herferðinni:** Það eru samevrópskar eða alþjóðlegar stofnanir



sem styðja með virkum hætti við herferðina um Heilbrigða vinnustaði. Ef þú vilt fræðast frekar um núverandi eða fyrrverandi samstarfsaðila okkar eða verða slíkur, vinsamlegast farðu á heimasíðu herferðarinnar.

- **Fyrirtækjanet Evrópu:** Þetta net sem leitt er af framkvæmdastjórninni aðstoðar og gefur ráð til smárra og meðalstórra fyrirtækja um alla Evrópu um fjölmörg málefni. Herferðin um Heilbrigða vinnustaði er mikilvægur hlekkur í samstarfinu milli EU-OSHA og Fyrirtækjaneti Evrópu.

„Áhættumat skal framkvæmt í samstarfi við starfsfólk sem vinnur á viðkomandi tól og tæki til þess að ráðstafanir um betrubætur verði skynsamlegar.“ ROLAND JUNG,

FRAMLEIÐSLUSTJÓRI, PIRELLI BREUBERG



Skuldbinding okkar við fyrri herferðir og árangur af þeim

Herferðir okkar um Heilbrigða vinnustaði, eiga sér stað tvisvar á ári og eru nú þær stærstu sinnar tegundar í Evrópu og verða sífellt vinsælli. Herferðin 2010-11 um öruggt viðahald sló til að mynda met í fjölda þátttakenda frá ESB löndunum og utan þeirra, þar sem hundruð atburða voru skipulagðir í anda þemans um viðhald og mikilvægi þess.

EU-OSHA studdi við herferðina innanlands með því að gera ýmiss konar efni og þjónustu aðgengilegt tengiliðunum innanlands og opinberu samstarfsaðilum herferðarinnar til þess að aðstoða við kynningu á herferðinni. Bara fyrsta árið var þremur milljónum staðreyndablaða, einni milljón leiðbeiningarrita fyrir herferðina og kynningarbæklinga dreift á 24 tungumálum.


Við kynntum einnig öruggt viðhald í gegnum ráðstefnur, málstofur og þjálfunarviðburði fyrir verkafólki, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum. Hin árlega Evrópuvika um vinnuvernd var sérstaklega mikilvægur vettvangur með hundruð viðburða til að auka vitund fólks um málefnið um allt Evrópusambandið og utan þess.

Meira en 50 samstarfsaðilar tóku höndum saman í herferðinni um öruggt viðhald. Þeir skipulögðu fjöldann allan af viðburðum, þar á meðal þeir sem nefndir eru að neðan.

- Evrópubandalag viðhaldslandssamtaka (e. The European Federation of National Maintenance Societies (EFNMS)) dreifði ritum um herferðina og kynningarefni og ritstýrði skýrslu um öruggt viðhald. Þau þróðu einnig e-netkerfi á frönsku og settu upp sérhæfðar vefsíður sem beindust að mismunandi þáttum öruggs viðhalds.
- Toyota Materials Handling skipulagði ráðstefnur með yfirstjórnendum, sem báru ábyrgð á viðhaldi og þjálfun, kynntu herferðina á blaðamannafundum og dreifðu kynningarefni meðal samstarfsaðila sinna og verktaka. Fyrirtækið tileinkaði herferðinni einnig hluta af vefsíðu þess og innra neti.
- Evrópung verkalýðsfélaga (The European Trades Union Congress, ETUC) beindi sjónum fólks að herferðinni um öruggt viðhald á 12. þingi þess.
- Evrópusamtök byggingariðnaðarinnar (The European Construction Industry Federation, FIEC) hélt fundi með verktökum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum í byggingariðnaðinum til að efla öryggi- og heilbrigði.

*Heilbrigðir vinnustaðir er stærsta
átaksverkefni
í Evrópu um vinnuvernd.*





OiRA – Miðlum góðum starfsháttum um allt ESB

Gagnvirka áhættumatstólið á Netinu (OiRA) er margþjóðlegt samstarfsverkefni til að þróa notendavænlegan og gjaldfrjálsan vefhugbúnað. Gjaldfrjálsa OiRA tólið er hannað til að aðstoða smá fyrirtæki við að framkvæma árangursríkt áhættumat. Tólið leiðir notendur í gegnum matsferlið skref fyrir skref, frá byrjun til enda og aðstoðar þá við að framkvæma og hafa eftirlit með framvindunni. Meginmarkmið þess eru:

- að tryggja heilbrigði og öryggi starfsmanna með því að straumlínulaga áhættumat og miðla góðum starfsháttum;
- aðstoða fyrirtæki við að hafa gagn af áhættumatstóli fyrir ákveðna geira sem ávallt er uppfært reglulega, auðvelt í notkun og löggilt af félögum svo sem aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum landsins;
- að beita tólinu í fyrirtækjum og í vinnslusölum fyrirtækja með því að hvetja vinnuveitendur til þess að leggja mat á áhættur, gera aðgerðaráætlun, aðlaga hana með reglulegu millibili og grípa svo til aðgerða;
- að bæta vinnuskilyrði með því að nota tólið til að leggja mat á hættur á vinnustað og bæta þannig frammistöðu fyrirtækjanna;
- að útskýra ferilinn við að leggja mat á hættur og meta áhættur.

www.oiraproject.eu



Úrræði

Mjög fjölbreytt efni um herferðina er tiltækt á 24 tungumálum, sem sækja má á vefsíðu herferðarinnar um Heilbrigða vinnustaði (www.healthy-workplaces.eu).

Efnið samanstendur meðal annars af:

- staðreyndum og tölum sem tengjast forystu stjórnenda og starfsmannaþátttöku við vinnuvernd;
- skýrslum og staðreyndablöðum, þar með talið nýjustu niðurstöðum Evrópukönnunar um fyrirtæki og nýjar og yfirvofandi hættur (ESENER);
- hagnýtum leiðbeiningum og tölum fyrir starfsmenn og stjórnendur;
- raundæmum um góða starfshætti;
- PowerPoint kynningum um efni herferðarinnar;
- hugmyndum fyrir herferðina;
- fréttum um hvað aðrir séu að gera;
- teiknimyndum með hinni vinsælu teiknimyndapersónu Napo;
- veggspjöldum og bæklingum;
- hlekkjum á hagnýtar vefsíður;
- og miklu fleira.

Allar upplýsingar eru tiltækar á 24 tungumálum á slóðinni: www.healthy-workplace.eu





Hið dreifða heilbrigðis- og öryggisnet Evrópu

Megin upplýsingakerfi Evrópu í heilbrigðis- og öryggismálum samanstendur af *tengiliðum* í aðildarríkjunum og umsóknar- og EFTA löndunum. Tengiliðir eru tilnefndir af stjórnvöldum í hverju landi til að vera opinberir fulltrúar ríkisins og eru þeir venjulega öryggis- og heilbrigðisstofnun eða vinnuverndarstofnun landsins. Þau styðja við frumkvæði okkar með upplýsingum og viðbrögðum og vinna með landsnetum, þar með talið stjórnvöldum og fulltrúum starfsmanna og atvinnurekenda. Tengiliðirnir samræma herferðina um heilbrigða vinnustaði á landsvísi, skipuleggja atburði og tilnefna fulltrúa í sérfræðingahópa okkar. Netið samanstendur meðal annars af:

- 37 tengiliðum í ESB, EFTA, umsóknarlöndum og væntanlegum umsóknarlöndum að ESB.
- 800 sjálfstæðum meðlimum tengiliðanetsins.

www.healthy-workplace.eu/fops

Upplýsingar um tengiliði

Tengiliðir í aðildarríkjum Evrópusambandsins

Austurríki

Bundesministerium für Arbeit, Soziales
und Konsumentenschutz
Sektion Arbeitsrecht und Zentral-
Arbeitsinspektorat
Favoritenstraße 7
1040 Wien
Austria
<http://www.bmask.gv.at>
Ms Martina HÄCKEL-BUCHER
Tel: +43 1 711 00 22 74
martina.haeckel-bucher@bmask.gv.at

Belgía

Federal Public Service Employment, Labour and
Social Dialogue
Federale Overheidsdienst Werkgelegenheid,
Arbeid en Sociaal Overleg
Ernest Blerotstraat 1
1070 Brussel
Belgium
<http://www.beswic.be>; <http://www.werk.belgie.be>
Mr Frank DEHASQUE
Tel: +32 (0)2 233 42 28
frank.dehasque@werk.belgie.be

Búlgaría

Ministry of Labour and Social Policy
Labour Law, Social Security and Working
Conditions Directorate
2 Triaditza Street
1051 Sofia
Bulgaria
<http://bg.osha.europa.eu>
Mr Atanas KOLCHAKOV
Tel: +359 (2) 8119 541
kolchakov@mlsp.government.bg

Kýpur

Ministry of Labour and Social Insurance
Department of Labour Inspection
12, Apellis Str.
1493 Nicosia
Cyprus
Mr Leandros NICOLAIDES
Tel: +357 2240 5623
director@dli.mlsi.gov.cy

Tékkland

Ministry of Labour and Social Affairs
Na Porícním právu 1
128 01 Prague 2
Czech Republic
<http://www.mpsv.cz>
Ms Daniela KUBÍČKOVÁ
Tel: +42 (02) 21 92 23 44
daniela.kubickova@mpsv.cz

Danmörk

Danish Working Environment Authority
Post Box 1228
2100 Copenhagen
Denmark
<http://www.workinfo.dk>
Mr Leo MATTHIASSEN
Tel: +45 722 08540
lm@at.dk

Eistland

Ministry of Social Affairs
Working Life Development
Gonsiori 29
10147 Tallinn
Estonia
<http://www.sm.ee>
Ms Kristel PLANGI
Tel: +37 2 626 97 80
kristel.plangi@ti.ee

Finnland

Ministry of Social Affairs and Health
Department for Occupational Safety and Health
PL 33
00023 Valtioneuvosto
Finland
<http://www.riskithaltuun.fi>
Mr Hannu STÅLHAMMAR
Tel: +358 9 160 73 108
hannu.stalhammar@stm.fi

Frakkland

Ministère de l'emploi et de la solidarité
Direction des relations du travail (DRT/CT)
39-43 quai André Citroën
75739 Paris Cedex 15
France
<http://www.travail.gouv.fr>
Mr Olivier MEUNIER
Tel: +33 (0)1 44 38 25 08 et 27 09
olivier.meunier@travail.gouv.fr

Dýskaland

Bundesministerium für Arbeit und Soziales
Referat IIIb2 – Grundsatzfragen des Arbeitsschutzes
Wilhelmstrasse 49
10117 Berlin
Germany
<http://www.bmas.bund.de>
Mr Reinhard GERBER
Tel: +49 30 18 527 67 66
reinhard.gerber@bmas.bund.de

Grikkland

Ministry of Labour and Social Affairs
General Directorate of Working Conditions
and Health
40, Pireos str.
10182 Athens
Greece
Mr Antonios CHRISTODOULOU
Tel: +30 210 3214 310
christodoulou.osh@yeka.gr

Ungverjaland

OMMF – Hungarian Labour Inspectorate
Margit krt. 85
1024 Budapest
Hungary
<http://www.ommf.gov.hu>
Ms Katalin BALOGH
Tel: +36 1 346 94 54
baloghk@ommf.gov.hu

Írland

Health and Safety Authority
Metropolitan Building
James Joyce Street
Dublin 1
Ireland
<http://www.hsa.ie>
Ms Annette SLATER
Tel: +353 1 7997800
annette_slater@hsa.ie

Ítalía

Istituto Nazionale per l'Assicurazione contro
gli Infortuni sul Lavoro
Dipartimento Processi Organizzativi
ex ISPESL
Via Alessandria 220/e
00198 Roma
Italy
Ms Francesca GROSSO
Tel: +39 06 97892314
francesca.grosso@ispe.sl.it; f.grosso@inail.it

Lettland

State Labour Inspectorate of the Republic of Latvia
Kr. Valdemara, 38
1010 Riga
Latvia
<http://www.vdi.gov.lv>
Ms Linda MATISANE
Tel: +371 6 7021 735
linda.matisane@vdi.gov.lv

Litháen

State Labour Inspectorate of the
Republic of Lithuania
Algirdog. 19
03607 Vilnius
Lithuania
<http://www.vdi.lt>
Ms Nerita ŠOT
Tel: +370 52 60 34 72
nerita.sot@vdi.lt

Lúxemborg

Inspection du Travail et des Mines
3, rue des Primeurs
2361 Strassen
Luxembourg
<http://www.itm.lu>
Mr Paul WEBER
Tel: +352 478 61 50
paul.weber@itm.etat.lu

Malta

Occupational Health and Safety Authority
Communications & PR
17 Edgar Ferro´ Street
PTA 1533 Pieta´
Malta
<http://www.ohsa.org.mt>
Mr Remigio BARTOLO
Tel: +356 21 24 76 77/8
remigio.j.bartolo@gov.mt

Holland

TNO Work & Employment
P.O Box 718
2130 AS Hoofddorp
Netherlands
<http://www.tno.nl/arbeid>
Mr Henk SCHRAMA
Tel: +31 (0) 88 86 65 234
henk.schrama@tno.nl

Pólland

Central Institute for Labour Protection –
National Research Institute
ul. Czerniakowska 16
00-701 Warszawa
Poland
<http://www.ciop.pl>
Ms Wioleta KLIMASZEWA
Tel: +48 22 623 36 77
focalpoint.pl@ciop.pl

Portúgal

Autoridade para as Condições de Trabalho
Av. Casal Ribeiro, 18 – A
1000-092 Lisboa
Portugal
<http://www.act.gov.pt>
Ms Maria Manuela CALADO CORREIA
Tel: +351 213 308 700
manuela.calado@act.gov.pt

Rúmenía

The National Research and Development Institute
on Occupational Safety
35 A, Ghencea Blvd., Sector 6,
061692 Bucharest
Romania
<http://www.protectiamuncii.ro>
Ms Ioana Georgiana NICOLESCU
Tel: +40 21 313 31 58
georgiana.niculescu@gmail.com

Slóvakía

Národný inšpektorát práce
Masarykova 10
040 01 Košice
Slovakia
<http://www.nip.sk>
Ms Laurencia JANČUROVÁ
Tel: +421 55 797 99 27
laurencia.jancurova@ip.gov.sk

Slóvenía

Ministry of Labour, Family and Social Affairs
Kotnikova, 28
1000 Ljubljana
Slovenia
<http://www.gov.si>
Ms Vladka KOMEL
Tel: +386 01/369 77 00
vladka.komel@gov.si

Spánn

Instituto Nacional de Seguridad e Higiene
en el Trabajo
c/Torrelaguna 73
28027 Madrid
Spain
Ms Belén PEREZ-AZNAR
Tel: +34 91 363 41 00
pfocalagenciaeuropea@insht.meyss.es

Svíþjóð

Arbetsmiljöverket
Management Staff
112 79 Stockholm
Sweden
<http://www.av.se>
Ms Barbro KÖHLER KRANTZ
Tel: +46 8 730 95 63
barbro.kohler.krantz@av.se

Stóra-Bretland

Health and Safety Executive
Caxton House
Tothill Street
London
SW1H 9NA
<http://www.hse.gov.uk>
Mr Stuart BRISTOW
uk.focalpoint@hse.gsi.gov.uk

Tengiliðir í EFTA löndunum

Ísland

Administration for Occupational Safety and Health
Bildshofdi 16
110 Reykjavík
Iceland
<http://www.vinnueftirlit.is>
Ms Inghildur EINARSDÓTTIR
Tel: +354 550 46 00
inghildu@ver.is

Liechtenstein

Amt für Volkswirtschaft
Health and Safety at Work
Gerberweg 5
9490 Vaduz
Liechtenstein
http://www.firstlink.li/regierung/amt_volksw.htm
Mr Robert HASSLER
Tel: +423 236 68 71
robert.hassler@avw.llv.li

Noregur

Norwegian Labour Inspection Authority
Statens hus
7468 Trondheim
Norway
<http://www.arbeidstilsynet.no>
Ms Gro OLSVOLD
Tel: +47 73 19 97 00
gro.olsvold@arbeidstilsynet.no

Sviss

SECO – Staatssekretariat für Wirtschaft
Effingerstrasse 31
3003 Bern
Switzerland
<http://www.seco.admin.ch>
Dr Eduard BRUNNER
Tel: +41 (43) 433 22 21 30
eduard.brunner@seco.admin.ch

Tengiliðir í umsóknarríkjum og væntanlegum umsóknarríkjum

Albanía

State Inspectorate of Labour
Inspektorati Shtetëror i Punës
Rr. Kavajes no 35
Tirana
Albania
Mrs Frosina GJINO
Tel: +355 4 251348
fgjino@hotmail.com

Króatía

Ministry of Economy, Labour and Entrepreneurship
Directorate for Labour and Labour Market
Ulica grada Vukovara 78
10 000 Zagreb
Croatia
<http://www.mingorp.hr>
Mr Zdravko MURATTI
Tel: +385 (0)1 6109 230
zdravko.muratti@mingorp.hr

Fyrrum jógóslavneska lýðveldið Makedónía

Macedonian Occupational Safety
and Health Association
29 noemvri br. 50
1000 Skopje
Former Yugoslav Republic of Macedonia
Mr Ljupcho KOCHOVSKI
Tel: +389 2 2774 868
ljupco.k@mzzpr.org.mk

Svartfjallaland


Ministry of Labour and Social Welfare
Labour Inspection for Safety at Work
Rimski trg 46
20000 Podgorica
Montenegro
Mr Zlatko POPOVIC
Tel: +38220655513
zlatkopuznr@t-com.me

Serbía

Ministry of Labour, Employment and Social Policy
Occupational Safety and Health Directorate
Nemanjina 22-26
11000 Belgrade
Serbia
Mr Nenad VLADIC
Tel: +381 11 306 17 38
nenad.vladic@minrzs.go.rs

Tyrkland

Ministry of Labour and Social Security
General Directorate of Occupational Health and
Safety
Inönü Bulvari, I Blok, No. 42, Kat. 4
06100 Emek Ankara
Turkey
<http://www.csgb.gov.tr>
Mr Kasim ÖZER
Tel: +90 312 215 50 21
kozer@csgb.gov.tr



Leiðbeiningar fyrir herferðina – Forysta stjórnenda og starfsmannapátttaka við vinnuvernd
Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins
2012 – 30 bls. – 16,2 x 25 cm

ISBN 978-92-9191-527-9
doi:10.2802/89149

Hugmynd og hönnun: Krís Kras Design, Hollandi

Ljósmyndir voru teknar í Bretlandi á Baxter Healthcare, Ideal Standard, Pirelli Tyres og Toyota
Meðhöndlun efnis. Við þökkum samstarfsaðilum okkar fyrir veittan stuðning.

Afritun er leyfð ef heimildir er getið.

Vinnuverndarstofnun Evrópu

(EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, réttmætum og óhlutdrægum upplýsingum um vinnuverndar-, öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur öryggisherferðir um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1996 og er með höfuðstöðvar í Bilbao á Spáni, færir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnsýslu aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðinga frá hverju af hinum 27 aðildarríkjum ESB og annars staðar frá.

Vinnuverndarstofnun Evrópu

Gran Vía, 33, 48009 Bilbao, SPÁNI

Sími +34 94 479 4360

Fax +34 94 479 4383

Tölvupóstur: information@osha.europa.eu

<http://osha.europa.eu>

ISBN 978-92-9191-527-9



9 789291 915279



Skrifstofa útgáfumála